

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga, Sómatún 9-45.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. júlí 2012 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi, 2. áfanga.

Breytingin felur í sér að Sómatún 9-21 verður nr. 9-17 og verður þar samtengt fjölbýlishús á tveimur hæðum með 10 íbúðum án bílgeymslu í stað 7 íbúða raðhúss. Sómatún 23-31 verður nr. 19-27 og Sómatún 33-35 verður nr. 29. Þar er gert ráð fyrir einbýlishúsi á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu í stað parhúss. Sómatún 37-45 verður nr. 31-39.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 13. ágúst 2012,

Anna Bragadóttir,
verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2012